

# Þátttökuaðlögun



Stapaskóli styðst við ákveðnar vinnureglur þegar kemur að aðlögun barna í leikskólastigið. Sú aðferð sem skólinn styðst við er þátttökuaðlögun. Aðferðin tekur þrjá daga þar sem öll börn deildarinnar eru aðlöguð á sama tíma í samvinnu við foreldra sem taka virkan þátt í leikskólastarfinu á þessum dögum. Hugmyndafræðin bakvið þessa aðferð er að öruggir foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd til barna sinna. Annað hvort foreldrið dvelur með barni sínu í þrjá daga í leikskólanum og á fjórða degi kveðja foreldrar börn sín og sem eru sinn vistunartíma þann daginn.

Foreldrar taka virkan þátt í leikskólastarfinu og eru til staðar fyrir börn sín. Foreldrar aðstoða börnin við að matast, skipta um bleiu og leika með þeim. Kennarar eru til staðar, leggja til verkefni og leggja sig fram við að kynnast barni og foreldrum ásamt því að skrá hjá sér hagnýta þætti sem þeir geta svo nýtt sér í samskiptum við börnin.

Í þátttökuaðlögun gefst foreldrum tækifæri til þess að kynnast innbyrðis, mynda tengsl og kynnast áherslum skólans svo foreldrar verði jafnvel tilbúnari til þátttöku í starfi á vegum skólans og hafi velferð hans að leiðaljósi.

Einstaklingsbundið er hvort barn þurfi lengi aðlögunartíma og er þá metið í hvert sinn. Sama á við um eldri börn en þá er aðlögun metin frá hverjum einstakling.

### Dagur 1

- Barn og foreldri mæta kl.9.00 - kl.10.30.
- Húsnæðið, efniðviður og útisvæðið skoðað.

### Dagur 2

- Barn og foreldri mæta kl.9.00 - kl.15:00.
- Foreldri er með barninu allan tímann.
- Foreldri fer í hvíld ásamt kennara deildarinnar

### Dagur 3

- Barn og foreldri mæta kl.9.00 - 15.00.
- Kennarar fara með börnum í hvíld.
- Foreldrar sækja hádegisfund með stjórnendum meðan börnin hvílast.

### Dagur 4

- Barnið mætir sinn vistunartíma.
- Fyrstu dagarnir geta tekið á en betra er að hafa kveðjustundir í fataklefa eins stuttar og kostur er á.